

anda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur skal vera óraskaður, þó svo, að málsvarnarlaun í héraði til síra Ólafs Finnssonar, séu 8 kr. Ákærði Guðjón Böðvarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 1/1903:

Páll Bjarnarson

gegn

Þorleifi presti Bjarnasyni.

Úrskurður:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Þingeyjarsýslu Þorleifur prestur Jónsson gegn Páli Bjarnarsyni út af meiðyrðum og var það dæmt í héraði 8. ágúst 1902 með þeim úrslitum, að áfrýjandi þessa máls, Páll Bjarnarson, skyldi greiða 300 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta einföldu fangelsi í 90 daga, væri sektin eigi greidd í ákveðinn

tíma; hin átöldu meiðyrði skyldu dauð og ómerk vera. Svo var honum og gjört að greiða allan málskostnað, eins og málið ekki væri gjafsóknarmál, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða talsmanns prestsins, Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar, 12 krónur.

Þessum dómi hefir Páll Bjarnarson, að fengnu leyfi til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl, áfrýjað til landsyfirrættarins með stefnu, dags. 3. janúar þ. á., og krafist: að málinu verði vísað frá meðferð undirrættarins, að stefni verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirrétti og að dómariinn verði látinn sæta sektum fyrir ólöglega meðferð málsins. En verði þessi krafa hans ekki tekin til greina, biður hann um 3 mánaða frest til að leiða ný vitni í málinu. Svo hefir hann og krafist, að 1. assessor, Kristján Jónsson, viki úr dómarsæti í málinu, af því hann sé bróðir héraðsdómarans. — Að því er kemur til þessarar síðastnefndu kröfu hans, þá verður hún ekki tekin til greina, með því að héraðsdómaranum er ekki stefnt til ábyrgðar, og engin önnur atvik málsins eru til þess, að assessor Kristján Jónsson eigi geti dæmt í því. Hins vegar hefir stefndi, sem hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og sér skipaðan talsmann, mótmælt því að málinu verði vísað frá undirdómi, svo og öðrum kröfum áfrýjanda og sérstaklega að honum verði veittur lengri frestur en í 14 daga.

Þar sem áfrýjandi hefir krafist, að málinu verði vísað frá undirrætti, þá rökstyður hann þá

kröfu með því, að honum hafi verið ranglega birt stefnan á Sigurðarstöðum, því Sigurðarstaðir hafi ekki verið lögheimili hans, þegar stefnan til hans var birt þar, þá verður þessi krafa hans ekki tekin til greina, því yfirlýsing hans í þessu tilliti virðist ekki styðjast við neitt, sem framkomið er í málinu, og koma í bága við birtingarvottorð stefnuvottanna.

Krafa áfrýjanda um 3 mánaða frest til vitnaleiðslu verður heldur ekki gegn neitun stefnda tekin til greina; en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Krafa áfrýjanda um að málinu verði vísað frá undirrétti verður ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara um aðalefni málsins.

Mánudaginn 20. júlímán.

Nr. 21/1903:

Réttvísín

gegn

Jóni Jónassyni frá Litladal.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 27. nóvembermán. f. ár, var hinn ákærði, Jón Jónasson, unglingspiltur frá Litladal, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fang-